

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigurður Á Þráinsson
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. júlí 2014
2014070006/42-4-2
KHS, TB
tb

Ósk um undanþágu vegna veiða á villtum fuglum.

Vísar er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 8. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um undanþágu frá lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrun til þess að skjóta endur nú í sumar í Landmannalaugum til þess að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á smiti ferðamanna í heita læknum af völdum nasaögðu og iðraögðu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við að heimilað verði að veiða þrjár tiltekna andategundir (stökkönd, urtönd og duggönd) í Landmannalaugum á friðunartíma þeirra til að halda Sundmannakláða í skefjum.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
forstöðumaður stjórnsýsludeildar